

Guðrún Þórhallsdóttir

Tvíræða orðasambandið *að ósekju*

1 Inngangur

Fróðleiksfús Íslendingur, sem veltir fyrir sér orðmyndinni *ósekju* í orðasambandinu *að ósekju*, fær þær upplýsingar í handbókum um íslenskt nútímamál að þar komi fyrir nafnorðið *ósekja*.¹ Til dæmis sýnir *Íslensk orðabók* (2007:742) að um er að ræða kvenkynsorð sem merkir ‘sakleysi’ og að forsetningarliðurinn *að ósekju* merkir ‘án sakar (til-efnis)’ eða ‘án þess að baka sér sök’. Að forminu til er *að ósekju* þá sambærilegt við orðin *að venju* þar sem fs. *að* stýrir þágufalli veiks kvenkynsorðs. Merkingin ‘án þess að baka sér sök’ á við dæmi á borð við (1a) en merkingin ‘án tilefnis’ fremur við dæmi eins og (1b).

- (1) a. ad sa sem kalfafells stad helldur bruke þar skog ad
ösekiu.

(ROH; Biskupsskjalasafn (1706), 17f)

- b. sökum óorðs, sem lá á höfninni ekki að **ósekju**, [...]

(ROH; *Tímarit Verkfræðingafélags Íslands*, 1947)

Nafnorðið *ósekja* er hins vegar ekki á hvers manns vörum nú á dögum utan þessa orðasambands og vísun í nafnorð, sem merkir ‘sakleysi’, gerir ekki fulla grein fyrir upphaflegri merkingu orðanna *að ósekju*.

¹ Þessi grein er byggð á tveimur fyrirlestrum sem ég hef flutt um þetta efni, annars vegar á ráðstefnunni *Orð að sönnu*, sem haldin var 8. nóvember 2014 í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins í tilefni af sjötugsafmæli Jóns G. Friðjónssonar prófessors, og hins vegar á *The 34th East Coast Indo-European Conference* við Háskólann í Vínarborg 7. júní 2015. Ég þakka áheyrendum á báðum ráðstefnunum fyrir góðar umræður og ritstjóra og ritrýnum *Orðs og tungu* fyrir gagnlegar athugasemdir við handrit greinarinnar.

Hér á eftir verður því grafist fyrir um uppruna orðasambandsins og sögu þess. Fjallað verður um heimildir um no. *ósekja* og *sekja* í 2. kafla og um forsetningarliði með *að* í 3. kafla. Rætt verður um þá tvíræðni sem felst í þágufallsmyndum sem enda á *-u* og túlka má bæði sem nafnorð og lýsingarorð. Þar verður komist að þeirri niðurstöðu að draga megi í efa að umræddur forsetningarliður innihaldi nafnorð. Þá verður tekið dæmi af öðrum tvíræðum forsetningarlið, *með heilbrigðu*, í 4. kafla. Að lokum verður lagt til að orðabækur um íslenskt nútímamál felli orðasambandið *að ósekju* undir flettu lýsingarorðsins *ósekur*.

2 No. *ósekja* og *sekja*

2.1 No. *ósekja* í handbókum

Orðalagið *að ósekju* er fornlegt og það er vissulega fornt. Seðlasafn orðabókar Árnanevndar í Kaupmannahöfn (*ONP*) geymir tugi dæma sem eru úr lagatextum, fornsögum og víðar. Elstu dæmi safnsins eru úr Konungsbók Grágásar frá miðri 13. öld og tvö þeirra eru hér í dæmi (2). Þar er merkingin 'án þess að baka sér sök, án þess að refsing liggi við'.

- (2) a. þa fer *hann* at osekiu ibrot
(*ONP*; Grg Kon^{II} 15²⁹ [um 1250])
- b. þa eigo þav at sciliaz at osecio fyrir lof byscops fram
(*ONP*; Grg Kon^{II} 40¹⁵ [um 1250])

Nafnorðinu *ósekja* má fletta upp í sumum fornmálsorðabókum, til dæmis hjá Eiríki Jónssyni (Erik Jonsson 1863:645):

- (3) Úsekja (-u, *uden pl.*), *f.*, *Skyldfrihed; Frihed for Beskyldning*;
at úsekju *ustraffet*.

Orðabók Cleasbys og Guðbrands Vigfússonar (1957:664) hefur nafnorðið líka sem flettu, en færsluna má túlka eins og orðið sé bundið við orðasambandið *að ósekju*:

- (4) **ú-*sekja***, *u, f.* in the phrase, at úsekju, *with impunity*

Enn fyrr hafði Björn Halldórsson fært það í orðabók sína (1814:147):

- (5) Ósekia, *f. innocentia*, Uskyldighed. At ósekiu, *immerito*,
ustraffet.

Einnig er orðið nefnt í orðabók Gunnlaugs Oddssonar (1991[1819]:170). Orð Cleasbys og Guðbrands koma vel heim við það að no. *ósekja* kemur ekki fyrir í öðru samhengi í dæmum orðabókar Árnanevndar úr fornum lausamálstextum. Það lítur ekki heldur út fyrir að orðið *ósekja* hafi verið skáldamálsorð því að það er ekki fletta í *Lexicon poeticum* (1931), né heldur í rímnaorðabók Finns Jónssonar (1926–1928).

2.2 No. *sekja* í formálshandbókum

Nafnorðið *sekja* (án forskeytis) er ekki auðfundið í formálsorðabókum. Það er ekki fletta á vef orðabókar Árnanevndar og því virðast dæmi um það ekki til í safni orðabókarinnar úr lausamálstextum. Orðið *sekja* er ekki fletta í orðabók Fritzners (1886–1896; 1972) og ekki hjá Cleasby og Guðbrandi. Það er ekki heldur uppflettiorð í *Lexicon poeticum* eða í rímnaorðabók Finns Jónssonar.

Í aðdraganda þessara greinarskrifa fannst eitt dæmi um að no. *sekja* hafi verið til í fornu máli utan sambandsins að *ósekju*. Það er varðveitt í dróttkvæðri vísu Sighvats Þórðarsonar úr flokknum um Erling Skjalgsson. Þar kemur fyrir orðið *frændsekja* sem *Lexicon poeticum* (1931:157) þýðir sem ‘sök við frænda, u.þ.b. = frændvíg’ („skyld overfor en slægtning, frændeskyld, omtr. = frændedrab“). Fyrri helmingur 7. vísu hljóðar svo (Finnur Jónsson 1912:230):

- (6) Áslákr hefir aukit,
es vörðr drepinn Hørða
(fáir skyldu svá) foldar,
frændsekju (styr vekja);

Finnur Jónsson tekur vísuna saman þannig að hún hefjist á orðunum „Áslákr hefir aukit frændsekju“ sem merki að Áslákur hafi gerst sekur um brot gegn frændum. Ný útgáfa dróttkvæða (Whaley (ritstj.) 2012:639) tekur undir með Finni, þýðir nafnorðið sem „‘crime against kindred’: Lit. ‘kinsman-guilt’“ og upphaf vísunnar sem „Áslákr has increased crime against kindred“; enn fremur er þess getið að orðið *frændsekja* hafi ekki verið íðorð í norskum eða íslenskum lögum.

Hér er þá komið dæmi úr dróttkvæði frá 11. öld um no. *-sekja* sem síðari lið samsetningar og það er rím Skorðað því að *sekj-* rímar við *vekj-*. Þetta gæti þótt traust heimild um að no. *sekja* sé ævafornt. Þó verður að hafa hugfast að samsetningin *frændsekja* er ekki varðveitt annars staðar og ekki er ólíklegt að orðið sé nýsmíði Sighvats. Jafnvel

gæti hugsast að Sighvatur hafi smíðað seinni liðinn *-sekja* sjálfur til að þóknast bragarhættinum eins og eftirfarandi jafna sýnir.

(7) lo. *miðr* : no. *miðja*

lo. *sekr* : no. *X*; *X* = *sekja*

Úr því að til eru orðapör eins og lo. *miðr* og no. *miðja* mætti taka lo. *sekr* og mynda af því nýtt nafnorð sem er *sekja*.

2.3 Orðsifjabækur og upprunaskýringar

Ekki kemur á óvart að uppruni orðsins *sekja* sé talinn tengjast lýsing-arorðinu *sekur*. Í *Íslenskri orðsifjabók* er það nefnt í flettunni um lýsing-arorðið: „Af *sekur* er leitt no. **sekja** kv. ‘deila’, sbr. gotn. *sakjo* og fhþ. *seckea*, so. **sekja** ‘dæma sekan, sekta’“ (Ásgeir Blöndal Magnússon 1989:803). Það má vera að Ásgeir hafi stuðst við orðsifjabók Jans de Vries (1962:469) sem nefnir nafnorðið *sekja* og merkinguna ‘deila’ (þý. „‘streit’“). Þessar orðsifjabækur sýna hvorki dæmi úr textum né vísa til heimilda. Ætla má að de Vries hafi heimild úr forn málinu því að bók hans er miðuð við forna norrænu. Ásgeir hefur bæði fornt mál og nýtt undir en í þessu tilviki nefnir hann ekki aldur heimildar.

Að baki þessum orðum liggur frumgermönsk sterk sögn af 6. hljóðskiptaröð, frg. **sakan* ‘deila, ákæra’, sem varðveitt er bæði í gotnesku og vesturgermönskum málum (gotn. *sakan*, fs. *sakan*, fhþ. *sachan*, fe. *sacan*).² Af henni er leitt nafnorðið *sök* (frg. no. **sakō-* kv. ‘deila, dómsmál’ > OS *saka*, OHG *sahha*, fe. *sacu* og físl. *sök*) og svara tengsl þessara orða þá til sambands sterku sagnarinnar *fara* og kvenkynsorðsins *for*.³ Í vesturgermönskum málum er að auki til sterkt kvenkynsorð með *j*-viðskeyti, frg. **sakjō-*, sem varð að fe. *sæcc* ‘átök, deilur’ og fhþ. *seck(e)a* ‘deila’. Á hinn bóginn beygist gotneska orðið *sakjō* ‘deila’ veikt (< frg. **sakjōn-*). Af því orði er aðeins varðveitt þf.ft. *sakjons*, sem er þýðing á gr. *μάχη* (Streitberg 2000b:115). Íslenska orðið *sekja* svarar til gotneska orðsins að forminu til.

Á þessum upplýsingum og orðum Ásgeirs hér að framan er sá

² Upplýsingar um germönsku orðin í þessari efnisgrein eru fengnar frá Björvand og Lindeman (2000:753) og Seebold (1970:383–385).

³ Nýlegar orðsifjabækur telja veiku sögnina *saka* (þt. *sakaði*) ýmist leidda af sterku sögninni **sakan* (Kroonen 2013:424) eða nafnorðinu **sakō-* (Björvand og Lindeman 2000:753). Þar er ekki nefnt að sterka sögnin hafi hugsanlega flust yfir til veikrar beygingar í íslensku eins og fleiri sagnir af 6. hljóðskiptaröð (t.d. *gala*, þt. *gól* → *gala*, þt. *galaði*).

munur að Björvand og Lindeman (2000:753) telja gotn. *sakjō* leitt beint af so. **sakan* og minnst ekki á lýsingarorð, en Ásgeir segir ísl. *sekja* leitt af lo. *sekur*. Það lýsingarorð er ekki varðveitt utan norrænu og fornensku (físl. *sekr* 'sekur, dæmdur (útlægur)', fe. *sæc* 'óvinveittur, sekur' (Bosworth og Toller 1898:808; Seebold 1970:384)). Það að traustar heimildir eru um lýsingarorðið í norrænu kann að hafa hvatt til þess að gera það að grunnorðinu sem no. *sekja* var leitt af. Þó virðist merking nafnorðsins varla hafa gefið Ásgeiri tilefni til að leiða það beint af lýsingarorðinu því að no. *sekja* merkti ekki 'það að vera sekur' að dómi Ásgeirs, heldur 'deila'.

Höfundar orðsifjabókanna gefa í skyn að nafnorðin, sem eru afkomendur frg. **sakjō*- og frg. **sakjōn*- í germönsku dótturmálunum, eigi merkinguna 'deila' sameiginlega. Við heimildaleit í aðdraganda þessara greinarskrifa fannst þó ekki öruggt dæmi um forna nafnorðið *sekja* (ósamsett) í þessari merkingu. Það þyrfti ekki að þýða að no. *sekja* 'deila' sé orðabókardraugur, heldur gæti hugsast að no. *frændsekja* hafi verið túlkað sem deila milli frænda en ekki brot gegn frændum. Orð Sighvats, *Áslákr hefir aukit frændsekju*, merkja þá 'Áslákr hefur aukið deilur milli frænda' og sú túlkun virðist geta átt við. Ef orðið *frændsekja* liggur eitt hér að baki lítur þó út fyrir að merkingarskýringin 'deila' sé byggð á merkingu orðsins í frændtungunum. Einnig er rétt að hafa í huga að þessar upplýsingar um no. *sekja* færa lesandann ekki nær því að skilja tilurð orðasambandsins að ósekju.

2.4 No. *sekja* 'sekt' og *ósekja* 'sakleysi' á síðari öldum

Nafnorðið *sekja* er ekki víða að finna í orðabókum um íslenskt nútímamál. Það er ekki í *Íslenskri orðabók* (2007) né orðabók Sigfúsar Blöndal (1920–1924). Eldri orðabækur Guðmundar Andréssonar (1999[1683]), Björns Halldórssonar (1814) og Gunnlaugs Oddssonar (1991[1819]) nefna það ekki heldur. *Íslensk samheitaorðabók* (2012:97) nefnir orðið *sekja* í langri upptalningu samheita orðsins *deila* en sýnir það stjörnumerkt svo að þar er líklega um forn málsorðið að ræða.

Eitt dæmi um no. *sekja* er hins vegar í *Ritmálssafni*, sjá dæmi (8a) úr Landsyfirréttardómum, og eitt um lýsingarorðið *sekjulaus* úr verki Torfhildar Hólm um Jón Arason, sjá (8b).

- (8) a. bera allan vott ósannsöglis hans og **sekju** í þessu tilliti.

(ROH; Ldsyrd. VI 18 (1845))

- b. og þykir mér miður góðgjarnlega talað til presta vorra að **sekjulausu**

(ROH; THJA I 261 (útg. 1950))⁴

Hér er þá komið dæmi um no. *sekja* frá 19. öld og þar virðist merkingin vera 'það að vera sekur, sekt', eins og um afleiðslu af lo. *sekur* gæti verið að ræða, en ekki 'deila'. Dæmi (8b) um að *sekjulausu* minnir mjög á merkinguna 'án sakar, án tilefnis' sem kom fram í skýringum við orðin að *ósekju* hér að framan.

Orðasambandið að *ósekju* lifir enn góðu lífi og ekki kemur á óvart að *Ritmálssafn* hafi skráð mörg dæmi um no. *ósekja* frá 17. öld og síðar. Flest eru um orðin að *ósekju* (t.d. dæmi (1) í 1. kafla) en í dæmi (9) virðist forsetningin hafa verið felld niður.

- (9) Hafi akurinn fengid aaburd aarinu aadur, maa **owsekiu** plægja hann og saa aaburdarlaust.

(ROH; Þórður Thoroddi (1771): Einfallder Þankar um Akur-Yrkiu [...], 144)

Þetta minnir á orðmyndina *ófyrrisynju* sem kemur einnig fyrir með fs. að (*Íslensk orðabók* 2007:735). Virðist aukafallsliðurinn *ófyrrisynju* eldri en forsetningarliðurinn að *ófyrrisynju* því að *úfyrrisynju* er eitt nefnt í fornálsorðabók Fritzners (1886–1896, 3:752) og hjá Cleasby og Guðbrandi (1957:660). Sömu leiðis er eingöngu að finna dæmi um aukafallsliðinn í seðlasafni orðabókar Árnaneftndar í Kaupmannahöfn (við leit á vefnum 12. júlí 2015). Í *Ritmálssafni* eru dæmin um forsetningarliðinn að *ófyrrisynju* frá 20. öld (og eitt dæmi um af *ófyrrisynju* frá 19. öld) en á þriðja tug dæma má finna í blöðum og tímaritum frá 19. öld (á *timarit.is*). Ef eitthvert samband er milli þessara tilbrigða mætti hugsa sér að *ófyrrisynju* hafi tekið upp fs. að fyrir áhrif frá orðasamböndum á borð við að *ósekju*. Merkingarleg líkindi hefðu þá getað stuðlað að þeirri breytingu því að orðin (að) *ófyrrisynju* og að *ósekju* eiga merkinguna 'án tilefnis' sameiginlega (*Íslensk orðabók* 2007:735, 742). Einnig hefði aukafallsliðurinn *ósekju* í dæmi (9) getað orðið

⁴ Á *timarit.is* má reyndar finna þessa setningu í útgáfu Torfhildar á sama texta í tímaritinu *Draupni* árið 1905 og annað dæmi um að *sekjulausu* í tímaritinu *Dvöl* árið 1908 sem Torfhildur gaf einnig út. Þriðja dæmið er í *Nýja dagblaðinu* árið 1938.

til vegna áhrifa aukafallsliðarins *ófyrrisynju* — ef ekki er beinlínis um pennaglöp að ræða í þessu stakdæmi.⁵

Ritmálssafn á enn fremur eftirfarandi tvö dæmi um no. *ósekja* úr þjóðsagnaútgáfu Sigfúsar Sigfússonar, sjá (10).

- (10) a. og þótti **ósekja**, þótt Ívar skrifaði „cansla“ fyrir hrakninginn.

(ROH; Sigfús Sigfússon (1922–1959): *Íslenzkar þjóðsögur og sagnir* XI, 134)

- b. Hann kvað **ósekju**, þótt fjallaþjófar kenndu klækja.

(ROH; Sigfús Sigfússon (1922–1959): *Íslenzkar þjóðsögur og sagnir* XII, 105)

Dæmin sýna annars vegar nf. *ósekja* og hins vegar þf. *ósekju*, að því gefnu að (10b) beri að túlka sem þolfall með nafnhætti (*Hann kvað það vera ósekju*) en ekki forsetningarliðinn (*Hann kvað það vera að ósekju*). Hér eru þá loks fundin dæmi um no. *ósekja* sem eru óháð forsetningarliðnum *að ósekju* og ekki er gott að vita hvort um nýbreytni útgefanda þjóðsagnanna gæti verið að ræða. Ekki fundust fleiri slík dæmi við leit í *Íslensku textasafni* á vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (13. júlí 2015).

Loks má nefna að leit að orðmyndinni *ósekja* á vefnum *timarit.is* (12. júlí 2015) vísaði á átján dæmi. Í nokkrum tilvikum er um vélrænan mislestur að ræða en þrisvar sinnum er myndin *ósekja* notuð í krossgátu og tíu dæmi eru um að í blaða- og tímaritertextum sé ritað *að ósekja* þar sem búast mætti við forsetningarliðnum, t.d. í setningunni sem birtist hér sem dæmi (11).

- (11) Þegar dýrasta gimsteini Márans, Desdemónu, er að *ósekja* fleygt á sorphaug synda, [...]

(*Tíminn*, 18.2. 1972, bls. 10)

Nokkur dæmi í viðbót af sama tagi fundust með hjálp leitarvélarinnar Google (12. júlí 2015). Dæmin um *að ósekja*, sem dreifast um tímabilið frá 1912 og síðar, gætu verið ritvillur og sams konar dæmi með *-a* í

⁵ Ef draga ætti skýrar ályktanir um sögu tilbrigðanna með *að* og *án* þyrfti einnig að fjalla um aukafallsliðinn *ósynju* ‘að ófyrrisynju’ sem Cleasby og Guðbrandur túlka sem eignarfall (1957:665). Forsetningarliðurinn *at ósynju* var til við hliðina þegar í fornu máli eins og dæmasafn *ONP* sýnir ljóslega; þar eru dæmin felld undir veika kvenkynsorðið *ósynja*.

handriti frá því um 1300 væri sjálfsagt talið skrifaravilla.⁶ Þó er ekki óhugsandi að þarna sé komið fram tilbrigði við hinn hefðbundna forsetningarlið. Ekki er fyllilega ljóst hvernig það hefði þá orðið til. Veik karlkynsorð, sem enda á *-ja* í aukaföllum eintölu (t.d. þgf. *vilja*, *ættingja*), eru fá og varla líkleg til að hafa haft þessi áhrif. E.t.v. er sennilegra að menn hafi gert úr forsetningarliðnum nafnhátt sagnar en nafnháttur kemur fyrir í föstum orðasamböndum (t.d. *að kalla, á að giska, eftir því að dæma, vel að merkja*).

2.5 Yfirlit um varðveitt dæmi

Þegar hér er komið sögu er vert að draga saman til glöggvunar heimildir um no. *sekja* og *ósekja* sem fundust við framangreinda leit í handbókum og gagnasöfnum. Þar leit út fyrir að engin dæmi væru varðveitt um no. *sekja* (óforskeytt og ósamsett) í fornu máli. Orðsifjabækur Ásgeirs Blöndal Magnússonar og Jans de Vries tilgreindu þó no. *sekja* 'deila'. Ef það er ekki draugorð hefur færslan e.t.v. verið byggð á no. *frændsekja* í kvæði Sighvats Þórðarsonar sem hefur verið túlkað sem 'frændadeila' en ekki 'brot gegn frændum, frændvíg'. Orðið *frændsekja* hjá Sighvati er stakyrði og telja má líklegt að skáldið hafi smíðað það samsetta orð. Físl. *-sekja* á skyld orð í hinum germönsku forntungunum sem merkja einmitt 'deila' og eru leidd af frumgermönsku sögninni **sakan*. Það getur því átt forsögulegar rætur (< frg. **sakjōn-*).

Frá síðari öldum á *Ritmálssafn* eitt dæmi frá 19. öld um no. *sekja* í merkingunni 'það að vera sekur' og eitt þar sem það er fyrri liður lo. *sekjulaus*. Þessi ungu dæmi um no. *sekja* þarf ekki að túlka sem trausta staðfestingu þess að hið forna nafnorð hafi lifað óslitið fram á 19. öld. Merking dæmanna bendir til náninna tengsla við lo. *sekur* og vera kann að nafnorðið hafi verið leitt af lýsingarorðinu, jafnvel mjög seint. Þó er ekki beinlínis hægt að eigna þeim sem settu fyrirnefnd dæmi á blað þá nýbreytni. Eins og jafna (12) sýnir ætti sú orðmyndun sér fyrirmynd í nafnorðinu *frekja*.

- (12) lo. *frekur* : no. *frekja*
 lo. *sekur* : no. X; X = *sekja*

Ekkert dæmi um no. *ósekja* fannst frá forníslenskum tíma nema í forsetningarliðnum *at óseku* 'án þess að baka sér sök'. Það orðasamband

⁶ Skrifari Jónsbókarhandritsins GkS 3268 4^o (um 1300) hefur ritað *usekia* með *-a* í þessu orðasambandi (Ólafur Halldórsson (ritstj.) 1904:44).

hefur lifað fram til nútímans og bætt við sig merkingunni ‘án tilefnis’. Mörg dæmi má finna um orðin að ósekju í síðari alda heimildum, m.a. í *Ritmálssafni* og *Íslensku textasafni*. *Ritmálssafni* geymir eitt dæmi um tilbrigðið *ósekju* án fs. að og auk þess eitt dæmi um nf. *ósekja* og eitt um þf. *ósekju* úr þjóðsögum. Rithættinum að *ósekja*, sem fannst í blaða-textum og með Google-leit, væri varasamt að vísa úr þessari umræðu sem ritvillu. Það að orðasambandið hefði brenglast á þennan hátt væri merki um að nafnorðið *ósekja* hafi ekki verið þeim sem skrifuðu samt. Eins og hér hefur komið fram eru sáralitlar heimildir í íslenskri málsögu um no. *ósekja* utan forsetningarliðarins og engin ástæða til að ætla að landsmenn hafi almennt þekkt þetta nafnorð.

3 Físl. að ósekju geymir ekki nafnorð

3.1 Forsetningin að

Fram til þessa hefur umfjöllunin um orðasambandið að *ósekju* snúist um no. *ósekja* en nú er við hæfi að beina sjónum að forsetningunni. Forsetningin *at* stýrir mestmegnis þágufalli í forníslenskum textum og það á einnig við um önnur forngermönsk mál.⁷ Hún er upprunnin í frie. fs. **ad* ‘í áttina til, hjá’, og í germönskum málum er hún bæði notuð um stefnu og dvöl í tíma eða rúmi (gotn. *at*, fe. *æt*, fs. *at*, fhþ. *az*, físl. *at* < frg. **at(a)* ‘hjá, til, við’, sjá Pokorny 1959:3, Ásgeir Blöndal Magnússon 1989:2, Dunkel 2014:11). Í íslensku máli að fornu (og nýju) hefur forsetningin fjölbreytilega merkingu eins og nú verður rakið.

Í fyrsta lagi táknar fs. *at* stefnu og merkir ‘í áttina til, til’ (t.d. *at landi*, *at konungi*) en einnig dvöl í merkingunni ‘við, hjá, í’ (t.d. *at skipi*, *at dómi*, *at húsi*).⁸ Hún er einnig notuð í tíðarmerkingu (t.d. *at upphafi*, *at kveldi*). Fs. *at* merkir að auki m.a. ‘með tilliti til’ (t.d. *auðigr at fé*, *spekingr at viti*) og ‘samkvæmt’ (t.d. *at ráði allra vitrustu manna*, *at lögum*) og þá er fátt eitt nefnt. Slíkir forsetningarliðir geta orðið að föstum orðasamböndum og orðið ígildi atviksorðs (t.d. *at hófi* ‘hófsamlega’), jafnvel þannig

⁷ Dæmi eru um þolfallsnotkun í fornu máli í merkingunni ‘eftir’ (um tíma), t.d. *taka arf at fjoður sinn* (CI/V 28). Þegar *at* stýrir eignarfalli er litíð svo á að nafnorð í þágufalli sé undanskilið, þ.e. að *at Marðar* beri að skilja sem *at (húsi) Marðar* eða þess háttar.

⁸ Upplýsingar og dæmi um forsetningarliði með *at* í fornu máli hér í grein 3.1 er að finna í orðabók Cleasbys og Guðbrands Vigfússonar í flettu fs. *at* (1957:25–28) nema annað blaðsíðutal sé tilgreint.

að tengslin við upprunalega merkingu rofna (t.d. *at ráði* ‘verulega’). Það ætti þá líka að geta átt við forsetningarliði með þágufalli veikra kvenkynsorða eins og *at venju* (CI/V 694) þar sem ‘samkvæmt venju’ hefur fengið merkinguna ‘eins og vanalega’.

Í dæmunum að framan stýrir forsetningin nafnorði en í fornu máli gat fs. *at* einnig stýrt þágufalli lýsingarorðs, sem þá var í hvorugkyni eintölu, og sú er raunin enn. Freistandi er að túlka sum slík orðasambönd þannig að nafnorð sé undanskilið, t.d. *at mestu* (*leyti*). Sumir forsetningarliðirnir hafa tímamerkingu, t.d. *at fornu*, *at nýju*, og stundum er um stefnu að marki að ræða, t.d. *at þurru* ‘þar til það er þurrt’. Orðin *at fullu* ‘þar til það er fullt’ → ‘fyllilega’ sýna að stefnumerkingin getur dofnað. Það á einnig við físl. *at eilífu* sem hefur í öndverðu merkt ‘í áttina til eilíðar’, sbr. lat. *ad infinitum* ‘í það óendanlega’ þar sem fs. *ad* stýrir þolfalli eintölu hvorugkyns af lo. *infinitus* ‘endalaus’ (OLD 900). Í öðrum tilvikum er tíma- eða stefnumerking ekki jafnskýr, t.d. *at sönnu* ‘sannlega’ (CI/V 514), *at vísu* ‘vissulega’ (CI/V 718), *at þarflausu* ‘að nauðsynjalausu’ (CI/V 730). Ef til vill nær túlkunin ‘þannig að það er X’ að lýsa merkingu sumra orðasambandanna, t.d. *at sönnu* ‘þannig að það er satt’, *at jofnu* ‘þannig að það er jafnt’ (CI/V 320), eða ‘þótt það sé X’, t.d. *at þarflausu* ‘þótt það sé þarflaust’.

Í þessu samhengi er einnig vert að nefna það hlutverk forsetningarinnar *at* að mynda hinn svokallaða *dativus absolutus* sem myndaður var á sama hátt í gotnesku, fornensku og norrænu. Þá stýrir fs. *at* þágufalli á lýsingarhætti og forsetningarliðurinn kemur í stað heillar tíðarsetningar, sjá dæmin með lýsingarhætti nútíðar í (13) og lýsingarhætti þátíðar í (14).

- (13) a. Gotn. *at urrinnandin sunnin* ‘þegar sólin kom upp’
(Streitberg 2000a:223; Mk 16,2)
b. Físl. *at þeim soföndum* ‘þegar þeir sváfu’
- (14) a. Gotn. *at ustauhanaim þaim dagam* ‘þegar dagarnir voru liðnir’
(Streitberg 2000a:101; Lk 4,2)
b. Fe. *æt þām gewordenan āfne* ‘þegar kvöldið var komið’
(Toller [1921]:20)
c. Físl. *at liðnum sex vikum* ‘þegar sex vikur voru liðnar’

Þessi tegund forsetningarliða er ekki ósvipuð orðasamböndum þar sem fs. *at* tekur með sér lýsingarorð. Það mætti t.d. setja merkingu

orðasambandsins *at sǫnnu* fram sem 'að því verandi sönnu', *at jǫfnu* sem 'að því verandi jöfnu' og fá þannig fram tengsl milli tíðarmerkingarinnar og merkingarinnar 'þannig að það er X'.

Setningagerðin *dativous absolutus* var allvirk í norrænu og hefur meðal annars aukið talsvert við safn fastra orðasambanda þar sem fs. *að* stýrir þágufalli eintölu hvorugkyns sem endar á *-u* (físl. *at svá mæltu*, *at svá gǫru*, *at svá búnu* o.s.frv.). Eitt orðasamband af þessu tagi er *at óreyndu* sem merkir 'þegar það hefur ekki verið reynt, án prófunar' og líkist auðvitað að forminu til orðasamböndum þar sem forsetningin stýrir orði með neitunarforskeyti, t.d. nísl. *að óþörfu* og *að ósekju*. Þegar allt er talið eru orðasambönd með fs. *að* og lýsingarorði eða lýsingarhætti, sem endar á *-u*, svo mörg og svo vel þekkt að sú hugmynd ætti að kvikna að *að ósekju* þyrfti ekki endilega að innihalda nafnorð.

3.2 Lo. *ósekr*

Orðabækurnar, sem skrá orðasambandið *at ósekju* undir no. *ósekja*, útskýra ekki upprunalega merkingu þess þannig að lesandinn skilji úr hverju merkingin 'án sakar, án refsingar' varð til. Skýringar handbókanna á merkingu no. *sekja* og *ósekja* koma þar ekki heldur að miklu gagni; a.m.k. er ekki augljóst að hægt væri að setja **að ódeilu* í staðinn eða **að ósekt* eða **að sakleysi* og fá þannig vit í setningar þar sem orðasambandið *að ósekju* kemur fyrir. Vegna þessa vafa er ástæða til að leggja no. *ósekja* til hliðar um stund og líta á forna lýsingarorðið *ósekr*.

Í eldri textum hafði físl. lo. (*ó*-)sekr *ja/jō*-stofna beygingu.⁹ Það á m.a. við um Konungsbók Grágásar sem dæmi (15) er úr en hún er það handrit sem geymir einmitt elstu dæmin um orðasambandið *at ósekju* (sjá dæmi (2) í grein 2.1 að framan).

(15) þo at hon geti með sinom boanda osekiom

(ONP; GrgKon¹ 224¹³ [um 1250])

Í þessum flokki lýsingarorða kom *j* úr hinu forsögulega viðskeyti fram í beygingunni á undan *a* og *u* í eldri textum en *j* var síðar útrýmt úr beygingu flestra orða í flokknum við áhrifsjöfnun. Þeirrar áhrifsbreytingar gætir þegar fyrir 1300 að sögn Björns K. Þórólfssonar

⁹ Lo. *sekr* er einmitt notað sem dæmi um þennan beygingarflokk í handbók Noreens (1970:296).

(1925:35) sem telur beyginguna orðna að mestu eða öllu leyti *j*-lausa á 14. öld. Um þetta vitnar t.d. *j*-lausa orðmyndin þf.et.kk. *sekan* (AM 226 fol., um 1350–1360 (ONP)). Í (16) eru breytingarnar á eintölubeygingu karlkyns og hvorugkyns sýndar til glöggvunar:

(16)	KK.	HK.
nf.	<i>sekr</i>	<i>sekt</i>
þf.	<i>sekjan</i> → <i>sekan</i>	<i>sekt</i>
þgf.	<i>sekjum</i> → <i>sekum</i>	<i>sekju</i> → <i>seku</i>
ef.	<i>seks</i>	<i>seks</i>

Dæmasafn orðabókar Árnanevndar sýnir að í fornum textum er lo. *sekr* oftast notað um dæmdan eða sekan mann, mun oftast um karla en konur, en er þó ekki bundið við að vísa til mannskra manna. Í dæmi (17) vísar nf./þf.et.hk. *sekt* til fjár hins seka manns, sbr. no. *sektarfé* ‘fé fjörbaugsmanns eða skógarmanns sem gert er upptækt við feralsdóm’ (Grágás 1992:554).

(17) a. at *eigi* er *sect* *feit* þeirra

(ONP; GrgKon¹ 94¹¹ [um 1250])

b. tel ek *sekt* fé hans

(ONP; NjR1908 160²⁵ [um 1300–1325])

Því hefur hvorugkynsbeyging verið til og ekkert því til fyrirstöðu að sjá fyrir sér þgf.et.hk. **sekju* (*fé*). Forsetningin *at* hefði getað stýrt þeirri orðmynd í forsetningarliðnum **at sekju* og einnig má túlka orðasambandið *at óseku* þannig að þar stýri fs. *at* þágufalli eintölu hvorugkyns af lo. *ósekr*. Eftir að *j*-lausa myndin þgf.et.hk. *óseku* varð til hefur eldra tilbrigðið *óseku* þá lifað áfram til okkar daga í þessu fasta orðasambandi. Það samrýmist alþekktu hegðun beygingartilbrigða að áhrifsbreytingu lokinni sem m.a. er gerð grein fyrir í fjórðu reglu Kuryłowicz (1945–1949) um eðli áhrifsbreytinga. Samkvæmt henni má búast við að ný hliðarmynd taki við aðalllutverki en eldri orðmyndin geti lifað áfram í aukahlutverki, m.a. í föstum orðasamböndum.

Þessi hugmynd hefur þann kost að hún er óháð no. *óseku*. Engar heimildir eru um nafnorðið úr fornu máli utan þessa forsetningarliðar og erfitt að útskýra merkingu orðasambandsins út frá því. Ef orðasambandið inniheldur lo. *ósekr* er auðveldara að gera grein fyrir merkingunni. Físl. *at óseku* hefur þá merkt ‘að óseku’ sem túlka mætti

sem 'að því verandi óseku, þannig að það er ósekt, þ.e. ekki dæmt til refsingar'. Sú skýring kemur vel heim við orðin 'án sakar, án þess að baka sér sök, lat. *immerito*, da. *ustraffet*, e. *with impunity*' sem birst hafa í íslenskum og erlendum handbókum (sjá 1. og 2. kafla). Síðar hefur merkingarvikkun orðið þannig að fram kom merkingin 'að ástæðulausu, án tilefnis'. Í þeirri víðari merkingu er *að ósekju* ekki bundið við lagamál, þ.e. merkinguna 'án sakar í lagalegum skilningi'.

3.3 Var no. *ósekja* þá ekki til?

Ef orðmyndin *ósekju* í orðasambandinu *at ósekju* er túlkuð sem hvorugkynsmynd lo. *ósekr* er fótunum kippt undan forníslenska nafnorðinu *ósekja*. Eins og fram kom hér að framan virðast engin dæmi varðveitt um það utan þessa forsetningarliðar og líkur benda til að það hafi verið lesið út úr orðunum *at ósekju*. Það gerðu þeir fræðimenn á 19. öld sem skráðu kvenkynsorðið *ósekja* í orðabækur að ástæðulausu (sjá grein 2.1).

Á hinn bóginn hafa fundist tvö nýleg dæmi um no. *ósekja* utan forsetningarliðarins sem birtust í sömu þjóðsagnaútgáfu á 20. öld (sjá dæmi (10) í grein 2.4). Þau staðfesta þó ekki að no. *ósekja* hafi verið til að fornu. Orðin *að ósekju* eiga sér óslitna sögu og menn hefðu hvenær sem er getað túlkað þau þannig að þar væri kvenkynsnafnorð. Jafnan hér að neðan (18) er allt sem þurfti til að mynda no. *ósekja*. Hún á bæði við um ályktun orðabókahöfunda og hugsun hvaða Íslendinga sem er sem tæki að nota no. *ósekja* utan forsetningarliðarins.

(18) *að venju* : no. *venja*
að ósekju : X; X = no. *ósekja*

Tilefnið til þessarar umtúlkunar orðanna *at ósekju* hefur sjálfsagt verið sú breyting sem varð á beygingu lo. *sekr* þegar víxlum stofnbrigðanna *sek-* og *sekj-* var útrýmt. Meðal annars tók þgf.et.hk. *seku* við af eldri myndinni *sekju*. Við þetta rofnuðu tengslin milli lýsingarorðsins og orðasambandsins *at ósekju*. Þágufallsmynd, sem endaði á *-ju*, leit ekki lengur út eins og hvorugkynsmynd lýsingarorðsins, heldur eins og þágufall af veikni kvenkynsorði. Ef no. *sekja* í merkingunni 'sekt' (sjá grein 2.4) hefur verið þekkt áður en til þessarar umtúlkunar kom hefur það líka getað stuðlað að henni (lo. *sekur* : no. *sekja* 'það að vera sekur'; lo. *ósekur* : X; X = no. *ósekja* 'það að vera ósekur').

Fræðimenn hafa auðvitað þekkt hina fornu beygingu lo. *sekr* og því

kæmi á óvart að enginn hefði túlkað orðasambandið *at ósekju* á þann hátt sem hér er gert. Fornmálsorðabók Fritzners (1886–1896, 3:803) skráir *at úsekju* undir lo. *úsekr* en gerir ekki grein fyrir orðmyndinni. Í seðlasafni orðabókar Árnaneftndar á vefnum er no. **ósekja* sýnt stjörnumerkt í stafrófsröðinni en vísað á lo. *ósekr* þar sem dæmum um orðasambandið *at ósekju* er raðað innan um dæmi af lýsingarorðinu. Ritstjórnarvinnu í þessum hluta stafrófsins er ekki lokið en þessar upplýsingar benda til að menn ætli sér að skýra myndina *ósekju* sem þgf.et.hk. af lo. *ósekr*.

Af framansögðu er ljóst að þágufallsmyndin *ósekju* var tvírað. Þágufallsendingin *-u* er bæði ending veikra kvenkynsnafnorða og hvorugkyns eintölu lýsingarorða. Ekki þarf að koma á óvart að menn geti túlkað slíkar myndir á ólíka vegu og hér á eftir verður tekið dæmi af öðrum tvíraðum forsetningarlið.

4 Físl. með heilbrigðu

Í seðlasafni orðabókar Árnaneftndar eru þrjú dæmi um forsetningarliðinn *með heilbrigðu* í handritum frá 16. öld, sjá dæmi (19).

(19) a. þeir komu heim at hausti með heilbrigðu

(ONP; Gøngu-Hrólf's saga, AM 152 fol., 266⁴
[um 1500–1525])

b. kom hann með heilbrigdv fram til Biorgvinar

(ONP; Annálar, AM 420 c 4^o, 293⁸ [um 1575–
1600])

c. liet Ion byskup j haf oc tok Island með heilbrigdv

(ONP; Annálar, AM 420 c 4^o, 293¹² [um 1575–
1600])

Á grundvelli þessara dæma er nafnorðið *heilbrigða* skráð í vefútgáfu orðabókarinnar. Það er þá talið í hópi veikra kvenkynsorða af flokki *ōn*-stofna sem eru leidd af lýsingarorðum (t.d. lo. *blíðr* ⇒ no. *blíða*, lo. *dimmr* ⇒ no. *dimma*). Þessi orðmyndunaraðferð átti í samkeppni við myndun kvenkynsorða sem enda á *-i*, veikra *īn*-stofna, með sama merkingarhlutverk (t.d. lo. *gláðr* ⇒ no. *gleði*). Þess eru jafnframt dæmi að báðar gerðir nafnorða séu til af sama lýsingarorðinu (sbr. lo. *bjartr* ⇒ no. *birti* og *birta*, lo. *blindr* ⇒ no. *blindi* og *blinda*, sjá Ásgeir Blöndal Magnússon 1989:57, 65). Af þessum sökum er ekki langsótt að sjá fyr-

ir sér no. *heilbrigða* sem hafi merkt 'það að vera heilbrigður' enda þótt no. *heilbrigði* sé betur þekkt úr íslenskri málsögu.¹⁰

Út frá þessum upplýsingum einum mætti giska á að starfsmenn orðabókar Árnanevndar hefðu lesið no. *heilbrigða* út úr forsetningarliðnum *með heilbrigðu*, sbr. jöfnuna í (20).

(20) *með blíðu* : no. *blíða*
með heilbrigðu : X; X = no. *heilbrigða*

Þar eru nefnilega ekki birt önnur dæmi um þetta nafnorð en forsetningarliðurinn. Nafnorðið *heilbrigða* er heldur ekki auðfundið í öðrum uppflettiverkum um íslenskt mál. Það er ekki fletta í orðabók Fritznars (1886–1896) eða Cleasbys og Guðbrands (1957) og ekki í *Lexicon poeticum* (1931). Það er ekki skráð í *Íslenska orðabók* (2007) eða orðabók Sigfúsar Blöndal (1920–1924) og dæmi um það er ekki heldur að finna í *Ritmálssafni*.

Hins vegar skráir viðaukabindi Fritznars (1972:146) no. *heilbrigða* og vísar á eitt dæmi í norsku fornbréfi frá 1433 þar sem orðmyndin *hælbrygdho* (DN 3:519; bréf 722⁴⁴) er líklega túlkuð sem eignarfall af no. *heilbrigða*.¹¹ Einnig kemur no. *helbryghdha* fyrir í fornsænskum heimildum og þar hefur orðmyndin *helbryghþo* líka verið notuð sem atviksorð og lýsingarorð (Söderwall 1884–1890:479–480). Það segir sína sögu um tvíræðni orðmyndarinnar *heilbrigðu* að Söderwall treystir sér ekki til að skera úr um hvort greina eigi þessa stirðnuðu þágufallsmynd sem hvorugkyn eintölu lo. *helbryghdher* eða þágufall kvenkyns-orðsins.

Skortur á íslenskum heimildum um no. *heilbrigða* gæti mælt með því að túlka forsetningarliðinn *með heilbrigðu* í íslenskum texta þannig að þar sé þágufall eintölu hvorugkyns af lýsingarorðinu *heilbrigðr*. Það er þó ekki eina röksemdin. Í seðlasafni orðabókar Árnanevndar eru þrjú dæmi þar sem fs. *með* stýrir þolfalli eintölu hvorugkyns í forsetningarliðnum *með heilbriggt*; sjá eitt þeirra í (21).

(21) *kom skip af Noregi með heilbriggt til Islandz*
 (ONP; Annálar, AM 420 c 4°, 291⁶ [um 1575–1600])

¹⁰ Dæmi um no. *heilbrigði* eru í *Ritmálssafni* allt frá Nýja testamenti Odds Gottskálks-sonar (1540). Fritznar (1886–1896, 1:756) vísar á eitt eldra dæmi frá 1460 í norska fornbréfasafninu, þ.e. þgf.et.kv. *hæilbrigde sinne* (DN 5:597; bréf 825⁷).

¹¹ Ég er þakklát Haraldí Bernharðssyni og Jóni Axel Harðarsyni fyrir að rýna með mér í þetta norska dæmi.

Sem vonlegt er hafa þessir seðlar verið flokkaðir sem dæmi um lo. *heilbrigðr* í gagnagrunninum og þau sýna að fs. *með* gat tekið með sér hvorugkynsmynd þessa lýsingarorðs. Athygli vekur að dæmin þrjú um orðin *með heilbrigt* eru öll úr annálum, handritinu AM 420 c 4°, sem geymir einmitt tvö af þremur dæmum safnsins um orðin *með heilbrigðu* (sjá (19b–c)). Samt hefur sú ályktun verið dregin að *með heilbrigt* innihaldi lýsingarorðið en *með heilbrigðu* nafnorðið *heilbrigða*. Samkvæmt máltilfinningu Íslendinga, sem þekkir ekki no. *heilbrigða* en veit að fs. *með* getur bæði stýrt þolfalli og þágufalli, væri þó ekkert á móti því að túlka *með heilbrigðu* þannig að þar sé lýsingarorðið á ferð.

5 Lokaorð

Hér að framan var vakin athygli á þeirri tvíræðni sem birtist í íslenskum forsetningarliðum þar sem orðmynd í þágufalli endar á *-u* og til greina kemur að túlka hana sem hvorugkynsmynd lýsingarorðs eða þágufall veiks kvenkynsnafnorðs. Sýnd voru tvö slík dæmi sem má skýra þannig að lýsingarorðsmynd hafi verið túlkuð sem nafnorðsmynd að óþörfu. Annars vegar hefur orðasambandið *at ósekju* fengið höfunda sumra forn málsorðabóka til að endurgera físl. no. *ósekja*. Hins vegar flokkar hið rafræna gagnasafn orðabókar Árnanevndar forsetningarliðinn *með heilbrigðu* undir físl. no. *heilbrigða*. Í forníslenskum textum eru ekki þekkt dæmi um þessi nafnorð utan forsetningarliðanna og í báðum tilvikum má færa rök fyrir því að um lýsingarorðsmyndina sé að ræða.

Á hinn bóginn er ekki sjálfsagt að fella no. *ósekja* kv. ‘sakleysi’ úr orðabókum um íslenskt nútímamál. Nafnorðið birtist utan forsetningarliðarins í þjóðsagnaútgáfu frá 20. öld og er þannig óneitanlega skjalfest þótt óvíst sé að það hafi nokkurn tíma verið algengt. Ætla má að nafnorðið hafi verið lesið út úr orðasambandinu *að ósekju* og sú túlkun hefur e.t.v. fengið stuðning af no. *sekja* ‘sekt’.

Þótt no. *ósekja* sé gert að flettu í nútímamálsorðabókum á grundvelli fyrrnefndrar heimildar bendir framangreind athugun til að ekki sé við hæfi að fara með orðasambandið *að ósekju* sem dæmi um nafnorðið. Réttara væri að meðhöndla orðmyndina *ósekju* sem forna beygingarmynd lýsingarorðs. Á sama hátt og lesandi getur t.d. flett upp orðmyndinni *vettugi* og fundið vísun í fn. *vætki* þar sem orðasambandið *virða að vettugi* er útskýrt, ætti hann að finna myndina *ósekju*

á sínum stað í stafrófsröðinni og vísun í flettu lo. *ósekur* þar sem gerð væri grein fyrir orðasambandinu *að ósekju*. Það er síst meiri ástæða til að vísa honum á no. *ósekja* en að fullyrða að nafnorðið *heilbrigða* hafi verið til í íslensku máli að fornu.

Heimildir

- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Bjorvand, Harald og Fredrik Otto Lindeman. 2000. *Våre arveord. Etymologisk ordbok*. Ósló: Novus forlag.
- Björn Halldórsson. 1814. *Lexicon Islandico-Latino-Danicum Bïörnönis Haldorsonii*. Vol. II. Kaupmannahöfn: Apud J.H. Schubothum.
- Björn K. Þórólfsson. 1925. *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingar þeirra úr forn málinu*. Reykjavík: Fjelagsprentsmiðjan.
- Bosworth, Joseph og T. Northcote Toller. 1898. *An Anglo-Saxon Dictionary*. (Ódags. ljóspr. 1. útg.) London: Oxford University Press.
- Cl/V = Cleasby, Richard og Gudbrand Vigfusson. 1957. *An Icelandic-English Dictionary*. (2nd ed. with a supplement by Sir William A. Craigie.) Oxford: At the Clarendon Press.
- de Vries, Jan. 1962. *Altnordisches etymologisches Wörterbuch*. (2. Aufl.) Leiden: Brill.
- DN = *Diplomatarium Norvegicum*. www.dokpro.uio.no/dipl_norv/diplom_field_eng.html (26. febrúar 2016)
- Dunkel, George E. 2014. *Lexikon der indogermanischen Partikeln und Pronominalstämme*. Band 2. Lexikon. Heidelberg: Universitätsverlag Winter.
- Erik Jonsson. 1863. *Oldnordisk Ordbog*. Kaupmannahöfn: Det kongelige nordiske oldskrift-selskab.
- Finnur Jónsson. 1912. *Den norsk-islandske Skjaldedigtning*. BI. Kaupmannahöfn/Kristiania: Gyldendalske Boghandel / Nordisk Forlag.
- Finnur Jónsson. 1926–1928. *Ordbog til de af Samfund til udg. af gml. nord. litteratur udgivne rímur samt til de af dr. O. Jiriczek udgivne Bósarímur*. Kaupmannahöfn: Carlsbergfondet.
- Fritzner, Johan. 1886–1896. *Ordbog over Det gamle norske Sprog*. (Omarbeidet, forøget og forbedret Udgave.) Kristiania: Den norske Forlagsforening.
- Fritzner, Johan. 1972. *Ordbog over Det gamle norske Sprog*. 4. bind. Rettelser og tillegg ved Finn Hødnebo. Ósló o.v.: Universitetsforlaget.
- Grágús. *Lagasafn íslenska þjóðveldisins*. 1992. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík: Mál og menning.
- Guðmundur Andrésson. 1999[1683]. *Lexicon Islandicum*. (Ný útg.) Gunnlaugur Ingólfsson og Jakob Benediktsson önnuðust útgáfuna. Reykjavík: Orðabók Háskólans. [1. útg. Kaupmannahöfn 1683.]

- Gunnlaugur Oddsson. 1991[1819]. *Orðabók sem inniheldur flest fágæt, framandi og vandskilin orð er verða fyrir í dönskum bókum*. (Ný útg. með íslenskri orðaskrá.) Jón Hilmar Jónsson sá um útgáfuna ásamt Þórdísi Úlfarsdóttur. Reykjavík: Orðabók Háskólans. [1. útg. Kaupmannahöfn 1819.]
- Íslensk orðabók. 2007. (4. útg.) Ritstjóri: Mörður Árnason. Reykjavík: Edda.
- Íslensk samheitaorðabók. 2012. (3. útg.) Ritstjóri: Svavar Sigmundsson. Reykjavík: Forlagið.
- Íslenskt textasafn. corpus.arnastofnun.is (13. júlí 2015)
- Kroonen, Guus. 2013. *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*. (Leiden Indo-European Etymological Dictionary Series 2.) Leiden/Boston: Brill.
- Kuryłowicz, Jerzy. 1945–1949. La nature des procès dits «analogiques». *Acta Linguistica* 5:15–37.
- Lexicon poeticum antiquæ linguæ septentrionalis*. 1931. (Oprindeligt forfattet af Sveinbjörn Egilsson. 2. udgave ved Finnur Jónsson.) Kaupmannahöfn: S.L. Møllers bogtrykkeri.
- Noreen, Adolf. 1970. *Altnordische Grammatik I. Altisländische und altnorwegische Grammatik (Laut- und Flexionslehre) unter Berücksichtigung des Urnordischen*. (5. Aufl.) Tübingen: Max Niemeyer Verlag.
- OLD = *Oxford Latin Dictionary*. 2005. Edited by P.G.W. Glare. Oxford: At the Clarendon Press.
- ONP = *Ordbog over det norrøne prosasprog / Dictionary of Old Norse Prose*. Københavns Universitet. www.onp.ku.dk (12. júlí 2015)
- Ólafur Halldórsson (ritstj.). 1904. *Jónsbók. Kong Magnus Hakonssons Lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281 og Réttarbætr. De for Island givne Retterbøder af 1294, 1305 og 1314*. Kaupmannahöfn: S.L. Møllers Bogtrykkeri.
- Pokorny, Julius. 1959. *Indogermanisches etymologisches Wörterbuch*. I. Band. Bern/Stuttgart: Francke Verlag.
- ROH = *Ritmálssafn*. www.arnastofnun.is/page/gagnasofn_ritmalssafn (seðlasafn og vefleit 26. febrúar 2016)
- Seebold, Elmar. 1970. *Vergleichendes und etymologisches Wörterbuch der germanischen starken Verben*. The Hague / Paris: Mouton.
- Sigfús Blöndal. 1920–1924. *Íslensk-dönsk orðabók*. Reykjavík: Gutenberg.
- Streitberg, Wilhelm. 2000a. *Die Gotische Bibel*. Band 1. (7. Aufl.) Heidelberg: Universitätsverlag C. Winter.
- Streitberg, Wilhelm. 2000b. *Die Gotische Bibel*. Band 2: Gotisch-Griechisch-Deutsches Wörterbuch. (6. Aufl.) Heidelberg: Universitätsverlag C. Winter.
- Söderwall, K.F. 1884–1890. *Ordbok öfver svenska medeltids-språket*. Första bandet. Lund: Berlingska boktryckeri- och stilgjuteri-aktiebolaget. timarit.is (12. júlí 2015)
- Toller, T. Northcote. [1921]. *An Anglo-Saxon Dictionary*. Based on the manuscript collections of the late Joseph Bosworth. Supplement. Oxford: At the Clarendon Press.
- Whaley, Diana (ritstj.). 2012. *Poetry from the Kings' Sagas 1*. Part 2. (Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages 1.) Turnhout: Brepols.

Lykilorð

íslensk málsaga, söguleg beygingar- og orðmyndunarfræði, orðsifjar, orðmyndun, áhrifsbreytingar, forsetningarliðir

Keywords

history of the Icelandic language, historical morphology, etymology, word formation, analogical changes, prepositional phrases

Abstract

This paper discusses the origin and history of the Icelandic phrase *að ósekju* (Oldcel. ‘with impunity’, ModIcel. ‘without guilt, without cause’). Most handbooks have interpreted the form *ósekju* in this prepositional phrase as the dative singular of the noun *ósekja* f. ‘innocence’. Following a discussion of the evidence for the nouns *ósekja* and *sekja* and phrases with the preposition *að*, it is argued that it would be more appropriate to consider *ósekju* an Old Icelandic dative singular neuter of the adjective *ósekr* ‘not convicted, not guilty’. A comparable example, the ambiguous phrase *með heilbrigðu*, is just as likely to contain dat.sg.n. *heilbrigðu* of the adjective *heilbrigður* (‘with (everything) safe and sound’) as the dative of a feminine substantive.

Guðrún Þórhallsdóttir
Íslensku- og menningardeild
Hugvísindasviði Háskóla Íslands
IS-101 Reykjavík
gth@hi.is